

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/73/01

frá 21. desember 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/852/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Rúmeníu, og skipulagskröfur til slíkra stöðva

(tilkynnt með númeri C(2011) 9562)

(2011/898/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 12. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarikinu ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að því er varðar hollustuhætti sem varða matvæli, m.a. á grundvelli meginreglnanna um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum. Í henni er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja eigi að fara að tilteknum málsmeðferðarreglum sem byggjast á þessum meginreglum.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýrarikinu og kemur hún til viðbótar þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004, fela í sér skipulagskröfur fyrir mjólkurvinnslustöðvar og reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 fela í sér skipulagskröfur fyrir slíkar stöðvar sem og kröfur um hollustuhætti að því er varðar hrámjólk og mjólkurvörur.

3) Í 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB⁽³⁾ er kveðið á um að tilteknar skipulagskröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og í reglugerð (EB) nr. 853/2004, eigi ekki að gilda um mjólkurvinnslustöðvar í Rúmeníu, sem eru skráðar í I. viðauka við þá ákvörðun, fyrr en 31. desember 2011.

4) Í ákvörðun 2009/852/EB er einnig kveðið á um að þrátt fyrir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 853/2004 megi þær mjólkurvinnslustöðvar, sem eru skráðar í II. viðauka við ákvörðunina, til 31. desember 2011, vinna mjólk sem uppfyllir kröfur og mjólk sem uppfyllir ekki kröfur, að því tilskildu að slík vinnsla fari fram á aðgreindum framleiðslulínum.

5) Auk þess er í ákvörðun 2009/852/EB kveðið á um að mjólkurvinnslustöðvarnar sem eru skráðar í III. viðauka við ákvörðunina megi, til 31. desember 2011, vinna mjólk sem uppfyllir kröfur og mjólk sem uppfyllir ekki kröfur án aðgreindra framleiðslulína.

6) Í september 2011 upplýsti Rúmenía framkvæmdastjórnina um það að frá og með janúar 2012 myndu allar mjólkurvinnslustöðvar, sem eru sem stendur skráðar í I. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB, samrýmast skipulagskröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004. Því ber að fella 2. gr. ákvörðunar 2009/852/EB brott.

7) Því ber að breyta II. og III. viðauka við tilskipun 2009/852/EB til samræmis við það.

8) Auk þess hefur Rúmenía tilkynnt framkvæmdastjórninni um að hlutfall hrámjólkur, sem uppfyllir kröfur reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og er afhent til mjólkurvinnslustöðva í því aðildarríki, hafi aukist talsvert eftir gildistöku ákvörðunar 2009/852/EB. Rúmenía hefur einnig komið á fót aðgerðaáætlun sem á að ná yfir allt framleiðsluferli mjólkur í því aðildarríki, til að tryggja að farið sé að reglum ESB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 13.12.2012, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 59.

- 9) Samkvæmt skýrslu sem Rúmenía hefur lagt fram á grundvelli 6. gr. ákvörðunar 2009/852/EB og upplýsingunum sem rúmensk yfirvöld lögðu fram á fundi fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra 17. október 2011 er staða mjólkurgeirans í Rúmeníu hins vegar enn ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 10) Með tilliti til núverandi stöðu og til að koma í veg fyrir að viðleitni rúmenskra yfirvalda sé hamlað er rétt að framlengja beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/852/EB.
- 11) Rúmenía ætti að vinna áfram í því að færa hrámjólkina, sem unnin er í þeim stöðvum sem skráðar eru í II. og III. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB, til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 12) Einkum ætti Rúmenía að vakta stöðuna áfram og leggja reglulega fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur um vinnuna við að ná fullu samræmi við þessar kröfur. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir á grundvelli niðurstaðnanna úr þeim skýrslum.
- 13) Því ber að breyta ákvörðun 2009/852/EB til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr:

Ákvörðun 2009/852/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. gr. falli brott,
2. Í 3. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.
3. Í 4. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.
4. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr:

1. Rúmenía skal senda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um þann árangur sem náðst hefur við að fara að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 853/2004 að því er varðar eftirfarandi:

- a) framleiðslubú sem framleiða mjólk sem uppfyllir ekki kröfur,
- b) kerfið til söfnunar og flutnings á mjólk sem uppfyllir ekki kröfur.

Fyrsta ársskýrslan skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2012 og önnur ársskýrslan eigi síðar en 31. október 2013.

Skýrslurnar skulu lagðar fram á því formi sem sett er fram í IV. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal vakta náðið hvernig vinnunni miðar áfram við að færa hrámjólkina, sem unnin er í þeim stöðvum sem skráðar eru í II. og III. viðauka, til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli skýrslanna sem Rúmenía leggur fram, að ólíklegt sé að það náist að uppfylla kröfur fyrir 31. desember 2013 skal hún leggja til viðeigandi ráðstafanir til að bæta stöðuna.“

5. Í 7. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.
6. Ákvæðum I., II., og III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB er breytt sem hér segir:

1. I. viðauki falli brott.
2. Í stað II. og III. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STÖÐVAR EINS OG UM GETUR Í 3. GR.

Nr.	Samþykkis-númer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
1	L35	SC DANONE PDPA ROMANIA SRL	București, 032451
2	MM 1795	SC CALITATEA SRL	Tăuții Măgherauș, județul Maramureș, 437349

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STÖÐVAR EINS OG UM GETUR Í 4. GR.

Nr.	Samþykkis-númer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
1	AB 641	SC BIOMILK SRL	Lopadea Nouă, județul Alba, 517395
2	AB 3386	SC LACTATE C.H. SRL	Sânmiclăuș, județul Alba, 517761
3	BH 4020	SC MOISI SERV COM SRL	Borșa, nr. 8, județul Bihor, 417431
4	L 136	SC CAMPAEI PREST SRL	Hidișeul de Sus, județul Bihor, 417277
5	L72	SC LACTOMUNTEAN SRL	Teaca, județul Bistrița-Năsăud, 427345
6	L78	SC ROMFULDA PROD SRL	Beclean, județul Bistrița-Năsăud, 425100
7	L107	SC BENDEAR CRIS PROD COM SRL	Șieu Măghereuș, județul Bistrița-Năsăud, 427295
8	L110	SC LECH LACTO SRL	Lechința, județul Bistrița-Năsăud, 427105
9	BN 2399	SC CARMO-LACT PROD SRL	Monor, județul Bistrița-Năsăud, 427175
10	BN 2120	SC ELIEZER SRL	Lunca Ilvei, județul Bistrița-Năsăud, 427125
11	L3	SC ABY IMPEX SRL	Șendriceni, județul Botoșani, 717380
12	L116	SC RAM SRL	Ibănești, județul Botoșani, 717215
13	L140	S.C. CARMOLACT SRL	Ucea, județul Brașov, 507235
14	L154	S.C. CAS SRL	Braila, județul Braila, 810224
15	L148	S.C. LACTAS SRL	Ianca, județul Braila, 815200
16	CL 0044	SC IANIS DIM SRL	Lehliu Gară, județul Călărași, 915300

Nr.	Samþykkis- númer heil- brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
17	L129	SC BONAS IMPORT EXPORT SRL	Dezmir, județul Cluj, 407039
18	L84	SC PICOLACT PRODCOM SRL	Iclod, județul Cluj, 407335
19	L149	S.C. COMLACT SRL	Corusu, județul Cluj, 407056
20	L43	SC LACTOCORV SRL	Ion Corvin, județul Constanța, 907150
21	L40	SC BETINA IMPEX SRL	Ovidiu, județul Constanța, 905900
22	L41	SC ELDA MEC SRL	Topraisar, județul Constanța, 907210
23	L87	SC NICULESCU PROD SRL	Cumpăna, județul Constanța, 907105
24	L118	SC ASSLA KAR SRL	Medgidia, județul Constanța, 905600
25	L130	SC MUNTINA PROD SRL	Constanța, județul Constanța, 900735
26	CT 225	SC MIH PROD SRL	Cobadin, județul Constanța, 907065
27	CT 256	SC IAN PROD SRL	Târgușor, județul Constanța, 90727
28	CT 258	SC BINCO LACT SRL	Săcele, județul Constanța, 907260
29	CT 30	SC EASTERN EUROPEAN FOODS SRL	Mihail Kogălniceanu, județul Constanța, 907195
30	CT 15	SC NIC COSTI TRADE SRL	Dorobanțu, județul Constanța, 907211
31	CT 12203	SC LACTO GENIMICO SRL	Hârșova, județul Constanța, 905400
32	L82	SC TOTALLACT GROUP SA	Dragodana, județul Dâmbovița, 137200
33	DJ 80	SC DUVADI PROD COM SRL	Breasta, județul Dolj, 207115
34	DJ 730	SC LACTIDO SA	Craiova, județul Dolj, 200378
35	L91	SC COSMILACT SRL	Schela, județul Galați, 807265
36	GR 5610	SC LACTA SA	Giurgiu, județul Giurgiu, 080556
37	GJ 231	SC SEKAM PROD SRL	Novaci, județul Gorj, 215300
38	L49	SC ARTEGO SA	Tg. Jiu, Gorj, 210257
39	L65	SC KARPATEN MILK	Suseni, județul Harghita, 537305
40	L124	SC PRIMULACT SRL	Miercurea Ciuc, județul Harghita, 530242
41	HR 119	SC BOMILACT SRL	Mădăraș, județul Harghita, 537071
42	HR 625	SC LACTIS SRL	Odorheiu Secuiesc, județul Harghita, 535600
43	HR 213	SC PAULACT SA	Mărtiniș, județul Harghita, 537175

Nr.	Samþykkis- númer heil- brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/porp/sýsla)
44	L99	SC VALIZVI PROD COM SRL	Gârbovi, județul Ialomița, 927120
45	IS 1540	SC PROMILCH SRL	Podu Iloaiei, județul Iași, 707365
46	L18	S.C. EUROCHEESE SRL	Jilava, județul Ilfov, 077120
47	L47	SC OBLAZA SRL	Bârsana, județul Maramureș, 437035
48	L85	SC AVI-SEB IMPEX SRL	Copalnic Mănăștur, județul Maramureș, 437103
49	L86	SC ZEA SRL	Boiu Mare, județul Maramureș, 437060
50	L16	SC ROXAR PROD COM SRL	Cernești, județul Maramureș, 437085
51	L135	SC MULTILACT SRL	Baia Mare, județul Maramureș, 430015
52	MM 793	SC WROMSAL SRL	Satulung, județul Maramureș, 437270
53	MM 6325	SC ONY SRL	Larga, județul Maramureș, 437317
54	L54	SC RODLACTA SRL	Fărăgău, județul Mureș, 547225
55	L108	SC LACTEX REGHIN SRL	Solovăstru, județul Mureș, 547571
56	L121	SC MIRDATOD PROD SRL	Ibănești, județul Mureș, 547325
57	MS 483	SC HELIANTUS PROD	Reghin, județul Mureș, 545300
58	MS 5554	SC GLOBIVET PHARM SRL	Batoș, județul Mureș, 547085
59	NT 900	SC COMPLEX AGROALIMENTAR SRL	Bicaz, județul Neamț, 615100
60	L96	SC PROD A.B.C. COMPANY SRL	Grumăzești, județul Neamț, 617235
61	L101	SC 1 DECEMBRIE SRL	Târgu Neamț, județul Neamț, 615235
62	L106	SC RAPANU SR. COM SRL	Petricani, județul Neamț, 617315
63	L6	SC LACTA HAN PROD SRL	Urecheni, județul Neamț, 617490
64	L123	SC PROCOM PASCAL SRL	Păstrăveni, județul Neamț, 617300
65	L100	SC ALTO IMPEX SRL	Provița de Jos, județul Prahova, 107477
66	L88	SC AGROMECC CRASNA SA	Crasna, județul Sălaj, 457085
67	L89	SC OVINEX SRL	Sărmășag, județul Sălaj, 457330
68	L71	SC LACTO SIBIANA SA	Șura Mică, județul Sibiu, 557270
69	SM 4189	SC PRIMALACT SRL	Satu Mare, județul Satu Mare, 440089
70	L5	SC NIRO SERV COM SRL	Gura Humorului, județul Suceava, 725300
71	L36	SC PROLACT PROD COM SRL	Vicovu de Sus, județul Suceava, 727610

Nr.	Samþykkis- númer heil- brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
72	L81	SC RARAUL SA	Câmpulung Moldovenesc, județul Suceava, 727100
73	SV 1085	SC BUCOVINA SA FALTICENI	Fălticeni, județul Suceava, 725200
74	SV 1562	SC BUCOVINA SA SUCEAVA	Suceava, județul Suceava, 720290
75	SV 1888	SC TOCAR PROD SRL	Frătăuții Vechi, județul Suceava, 727255
76	SV 4909	SC ZADA PROD SRL	Horodnic de Jos, județul Suceava, 727301
77	SV 6159	SC ECOLACT SRL	Milișăuți, județul Suceava, 727360
78	TR 27	SC VIOLACT SRL	Putineiu, județul Teleorman, 147285
79	TR 81	SC BIG FAMILY SRL	Videle, județul Teleorman, 145300
80	TR 239	SC COMALACT SRL	Nanov, județul Teleorman, 147215
81	L80	SC INDUSTRIAL MARIAN SRL	Drănceni, județul Vaslui, 737220
82	VN 231	SC VRANLACT SA	Focșani, județul Vrancea, 620122“